

---

## Akstursípróttasvæði í Skagafelli, Múlaþingi Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 14. desember 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Akstursípróttafélaginu Start um fyrirhugaða gerð akstursípróttasvæðis í Skagafelli, Múlaþingi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Minjastofnunar Íslands, Landgræðslunnar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Akstursípróttasvæði í Skagafelli. Akstursípróttafélagið Start.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá: Múlaþingi 13. janúar 2022, Minjastofnun Íslands 14. janúar 2022, Landgræðslunni 17. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Austurlands 14. janúar 2022, Vegagerðinni 5. janúar 2022 og Náttúrufræðistofnun Íslands 17. janúar 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 18. janúar 2022.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að byggja upp svæði fyrir akstursípróttir, þar sem um er að ræða 3 gerðir af brautum: 2,5 km langri mótorkrossbraut, 12 km langri endurobraut og 4 km langri fjallahjólbraut auk aðstöðuhúss fyrir félags- og snyrtiaðstöðu og um 8000 m<sup>2</sup> af bílastæðum. Heildarstærð svæðisins er 145 ha og er það staðsett í 10 km fjarlægð frá Egilsstöðum. Í nágrenni svæðisins er efnistökusvæði, skotæfingasvæði, svæði á náttúruminjaskrá og grannsvæði vatnsverndar. Gert er ráð fyrir að efni verði fengið úr námu sem stendur við hlið svæðisins og er áætluð efnispörf um 4.000 m<sup>3</sup>. Brautirnar munu að miklu leiti fylgja kindagötum sem fyrir eru í landslaginu en mótorkrossbrautin verður formuð í landið. Aðkoma að svæðinu verður um Mjóafjarðarveg inn á bílastæði svæðisins og verður hönnuð í samráði við Vegagerðina.

### 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum akstursípróttafélagsins Start og umsögnum umsagnaraðila.

#### Gróður og dýralíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað akstursípróttasvæði sé staðsett í norður- og austurhlíðum Skagafells sem er um 900 m hár fjallsmúli. Ekki hafi verið framkvæmd sérstök gróðurúttekt en stuðst sé við vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands en samkvæmt



Því sé gróðurþekjan að mestu mólendi sem skiptist í lyngmóavist, mosmóavist og mela. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á svæðinu megi finna grágæs, straumönd, hrafn og fálka og að almennt megi segja að akstursípróttasvæði geti haft neikvæð áhrif á búsvæði fugla, þá sérstaklega vegna hljóðmengunar, en með því að hafa þetta á sama áhrifasvæði og efnistökusvæði og skotæfingasvæði muni það hafa minni áhrif en að hafa svæðið eitt og sér annarsstaðar. Önnur dýr á svæðinu séu hreindýr, tófur og minkar en framkvæmdaraðili telur að akstursípróttasvæðið muni ekki hafa neikvæð áhrif á þau.

Náttúrufræðistofnun Íslands segir í umsögn sinni að stór hluti skipulagssvæðisins sé nokkuð vel gróinn og því ekki rétt að fjallshlíðarnar séu lítt grónar líkt og fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila. Stofnunin telur mikilvægt að lagt sé mat á áhrif áformanna á gróðurþekju og vistgerðir svæðisins. Stofnunin telur einnig að taka þurfi til skoðunar dýralíf á svæðinu og að í úttekt Náttúrustofu Austurlands frá 2005 hafi komið fram að fuglalíf í Eyvindarárdal sé töluvert en þéttleiki sé ekki mikill, hins vegar séu tegundir á valista eins og fálki og hrafn og hafi svæðið því töluverða þýðingu fyrir fugla. Náttúrufræðistofnun telur að leita ætti til Náttúrustofu Austurlands um að kanna stöðuna í dag varðandi dýralífið til að fá nýrri upplýsingar.

Landgræðslan bendir á nokkur atriði sem hafa þurfi í huga áður en hafist er handa við hönnun svæðisins, m.a. að búast megi við rofi, einkum vind- og vatnsrofi á svæðinu og því mikilvægt að huga vel að mótvægisáðgerðum þar sem leitast verði við að binda jarðveg með gróðri eins og kostur er. Einnig þurfi við hönnun brautanna að beina af þeim vatni með ræsum eða annarskonar aðferðum sem miða að því að koma í veg fyrir vatnsrof án þess að hafa mikil áhrif á náttúrulega ferla og vatnsbúskap á svæðinu.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að við gerð deiliskipulags muni framkvæmdaraðili leita til Náttúrustofu Austurlands um ráðgjöf vegna dýralífs, gróðurs og umhverfis og verði í nánu samstarfi við sveitarfélagið til að tryggja gott svæði fyrir þessa starfsemi sem verði í góðri sátt við umhverfið.

Múlþing telur að nauðsynlegt sé að gerð verði úttekt á náttúrufari svæðisins, gróðurfari og lífríki svo hægt sé að leggja betra mat á umhverfisáhrif áformanna. Í umsögninni kemur fram að áhrif á þessa tilteknu þætti séu metin óveruleg án þess að vitnað sé í rannsóknir sem styðji þá niðurstöðu.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila er vísað til matsskýrslu sem unnin var árið 2006 vegna efnistöku í Eyvindarárdal varðandi upplýsingar um fuglalíf, spendýr og gróður á svæðinu. Þar komi fram að 4 tegundir fugla á valista sé að finna í dalnum en að niðurstaðan hafi verið að heildaráhrif efnistökkunnar á fugla og spendýr hafi verið talin óveruleg og að ekki hafi fundist sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi og áhrif efnistökkunnar á gróður talin óveruleg. Framkvæmdaraðili telur að gera megi ráð fyrir að niðurstaða umhverfismats fyrir fyrirhugaða uppbyggingu akstursípróttasvæðisins myndi ekki skila annarri niðurstöðu en matsskýrsla fyrir efnistökusvæðið.

### **Ásýnd og sjónræn áhrif**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við framkvæmd og hönnun verði haft að leiðarljósi að fyrirhugaðar framkvæmdir falli eins vel að landslaginu og kostur sé og efni sem nýtt verði til uppbyggingar sé sem mest af svæðinu og allar slóðir verði afturkræfar. Fylgt verði ytrustu varkárni við allar framkvæmdir til að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúru svæðisins.

### **Frágangur og viðhald svæðisins**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við framkvæmdirnar verði leitast við að halda öllu raski í lágmarki og ekki verði notaðar stórvirkar vinnuvélar við gerð enduro- og fjallahjólbrautanna. Lögð verði áhersla á að láta hið raskaða svæði falla sem best að landslagsheildinni við frágang svæðisins að loknum framkvæmdum. Ef talið verði að trjágróður muni bæta svæðið, með tilliti til ásýndar, skjóls eða rofs, verði notaðar tegundir sem vaxa í nágrenninu.



Múlaþing telur nauðsynlegt að betur verði gerð grein fyrir hvernig staðið verði að framkvæmdum við akstursbrautirnar, viðhald og frágang aflagðra brauta, komi til þess að svæðinu verði breytt.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila segir að við gerð fjallahjóla og enduro brautanna verði engin jarðvinna né vinnuvélar notaðar og að með því sé jarðraski haldið í lágmarki og auðvelt verði að leggja þær brautir af. Mótorkrossbrautir verði byggðar upp úr mól og efni í brautarstæði, verði þær aflagðar verði auðvelt að jafna þær út og forma land og græða upp líkt og gert er þegar gengið er frá námusvæði. Með því að hafa svæðið stórt náist að dreifa álagi og loka leiðum sem séu viðkvæmari.

### **Hljóðmengun**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að aksturssvæðið sé í 10 km fjarlægð frá þéttbýlinu á Egilsstöðum og muni hávaði því ekki valda íbúum ónæði. Í nágrenni svæðisins er hávaðasöm starfsemi, bæði skotæfingasvæði og efnistökusvæði.

Múlaþing telur að gera þurfi hávaðagreiningar þar sem svæðið sé í nokkuð þröngum dal.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að fylgifiskur starfsemi aksturæfingasvæðis sé hljóðmengun en þar sem svæðið sé í um 10 km frá þéttbýli og að hávaðasöm starfsemi sé á svæðinu nú þegar. Ekki sé gert ráð fyrir hljóðmönnum þar sem þær valdi miklu raski og skili mjög litlum áhrifum fyrir íbúa.

## **5 SKIPULAG OG LEYFI**

Framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Fljótshéraðs 2008-2028. Breyting á aðalskipulagi er í vinnslu.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Fljótshéraðs 2008-2028.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Múlaþings samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig byggingarleyfi Múlaþings samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

## **6 NIÐURSTAÐA**

Um er að ræða uppbyggingu akstursíþróttasvæðis með mótorkross-, enduro- og fjallahjólabrautum ásamt bílastæðum og aðstöðuhúsi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.01 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, mengun og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til landslagsheilda og kjörlandis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, m.a. með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa,



hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umfang framkvæmdarinnar er fremur lítið þó svo svæðið sé nokkuð stórt. Framkvæmdin mun hafa áhrif á ásýnd svæðisins og vera nokkuð sýnileg vegfarendum um Þjóðveg 1 frá ákveðnu sjónarhorni auk þess að vera sýnileg vegfarendum sem fara um Eyvindarárdal. Hafa ber í huga að ásýndaráhrif er ekki einungis að gæta vegna brautanna sjálfra og mannvirkja tengdum þeim heldur einnig af notkun þeirra. Áhrif framkvæmdar á ásýnd verða afturkræf að mestu og ef hugað er vel að útfærslu, hönnun og frágangi svæðisins má draga úr áhrifum á ásýnd. Mikilvægt er að við gerð deiliskipulags verði útfærslu brautanna og hönnun svæðisins háttað þannig að sem minnst áhrif verði á ásýnd svæðisins.

Starfseminni fylgir ónæði sökum hávaða og kemur væntanlega til með að hafa neikvæð áhrif á dýralíf af þeim sökum. Í nágrenni svæðisins er þó bæði efnistökusvæði og skotæfingarsvæði með tilheyrandi hávaðamengun. Einnig er austan Eyvindarár svæði á C-hluta náttúruminjaskrár vegna m.a. útivistargildis og mun akstursíþróttasvæðið væntanlega koma til með að hafa neikvæð áhrif á það en svæðið sem heyrir undir náttúruminjaskrá er mjög stórt og munu því áhrifa einungis gæta á litlum hluta svæðisins auk þess sem skotæfingasvæði og efnistökusvæði eru þarna á milli. Rask á gróðri verður eitthvað en með því að huga vel að hönnun brauta, frágangi og viðhaldi er hægt að takmarka þau áhrif.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2022.

Reykjavík, 9. febrúar 2022

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir